

## Náttúru og umhverfislæsi

Við hvetjum börnin til að hlusta á hljóðin í náttúrunni, veðurhljóð, hljóð í lífverum, vatni og fleiru. Einnig er mikilvægt að kenna börnunum að hlusta t.d eftir umferð, viðvörunarhljóðum og fleiru sem við þurfum að kunna skil á í samfélaginu. Börnin læra að lesa í náttúruna, fylgjast með veðurbreytingum, áhrifum manna á umhverfið sem og að átta sig á hættum í umhverfinu.